

Nd.

391. Breytingartillaga

við frv. til l. um verzlun með kartöflur o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Orðið „mánaðarlega“ í síðasta málslíð falli burtu.
2. Við 6. gr. Upphaf 2. málsg. aftur að orðinu „þannig“ orðist svo: Verðskráning kartafna skal haga.
3. Við 7. gr. a-lið. Fyrir „4. gr.“ komi: 5. gr.
4. Við 8. gr. Á eftir orðinu „úrvalsflokk“ í 3. málslíð komi: og 1. flokk.
5. Á eftir 15. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er með reglugerð að veita fyrst um sinn undanþágu frá ákvæðum 6. og 8. gr. um aðgreiningu kartafna í 1. flokki eftir tegundum og auðkenning þeirra.